

Frá umhverfisnefnd

Dags. 22 desember 2017

**Til bæjarráðs
Garðatorgi 7
210 Garðabæ**

Efni: Bílastæði við upphaf gönguleiðar á Búrfell - 1705288

Á 32. fundi umhverfisnefndar þann 5. apríl 2017 var eftirfarandi tekið fyrir.

Ákvörðun um styrkveitingu úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða 2017 var tilkynnt Garðabæ með bréfi 16. mars sl. styrkur kr. 9.950.000.- til bílastæða við upphaf gönguleiðar á Búrfell. Nýtt bílaplan mun bæta aðstöðu fólks til útivistar á svæðinu og jafnframt umferðaröryggi.

Sótt var um styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastað til uppbyggingar á ferðamannastöðum þann 26.10.2016. Óskað hefur verið eftir framlengingu á styrk til að framkvæma verkefnið 2018.

Deiliskipulag Heiðmerkur í Garðabæ og Sandahlíð tók gildi 19. desember 2017, þar er gert ráð fyrir bílastæðinu.

Umhverfisnefnd óskar eftir framkvæmdaleyfi til bæjaryfirvalda.

Með kveðju
fh. umhverfisnefndar

Guðbjörg Brá Gísladóttir,
Verkefnastjóri á tækni- og umhverfissviði

Meðfylgjandi er uppdráttur af tillögu að bílastæðum og aðkomu við Búrfellsgjá sem unnin var af Landslagi